



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 23. fundur stjórnar KLÍ, 2008-2009  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** Fimmtudag, 02.04.09 kl. 17.30  
**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ) ritari  
Helga Sigurðardóttir (HS) varamaður  
**Boðuð forföll:** Ásgrímur Helgi Einarsson (AHE) varamaður  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður  
Árni Geir Ómarsson (AGO) meðstjórnandi  
**Fjarverandi:**  
**Fundarritari:** VG

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., apríl, landsliðsmál, ársþing, önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 22. fundar samþykkt samhljóma.

#### 2. Apríl.

Dagskrá ofl... HIJ þarf að fara yfir dagskrá og lagfæra það sem hefur farið úrskeiðis, ennfremur að kanna með brautarpantanir ofl í Keiluhöllinni. Innkalla þarf farandgripi vegna deilda og setja í áletrun það sem hægt er, ennfremur að kaupa verðlaun vegna deilda, deildarbikars og bikarkeppni. Stefnt að því að halda formannafund þann 29.04.

#### 3. Ársþing.

Íþróttaping verður þann 17.-18. apríl, aðalfulltrúar verða PI, VG og HS, varafulltrúar verða PMP, HIJ og AGO.

Ársþing KLÍ – síðari þingboðun þarf að senda út fyrir 4. maí n.k. síðasti skiladagur tillagna er 21.04. Salur hefur verið pantaður en eftir að bóka fundarherbergi.

#### 4. Landslið.

Unglingar – allt klárt, VG tryggir utanfara.

KK – bókanir hjá Express út til CPH og heim frá AAL.

KVK – hvað á að senda marga t.d. ef það eru bara 2 sem gefa kost á sér, almennt samþykkt að það væri mjög gott fyrir kvk keiluna ef væri sent þó svo að aðeins 2 keppendur færu.

#### 5. Önnur mál.

Póstur frá fræðsluviði ÍSÍ – vilja funda með KLÍ, tillaga að þeir sem mæta fyrir hönd KLÍ séu HIJ og TÓ.

Fundi slitið 19.10 – Næsti fundur 15.04.2009 kl. 17:30 ?